

## Ökuferð Más og Margrétar um Bandaríkin 2017

Við Margrét höfðum nú verið í 40 manna rútuferð frá 21. júní - með Laugardalsætt, sem er ætt Margrétar föðurmegin. Sú ferð hófst í **Edmonton í Alberta** í Kanada, og lauk í **Vancouver**. Það þýðir að við ókum yfir Klettafjöllin, þar sem þau eru allra fegurst. Sjá þá ferðasögu annars staðar. Sú ferð var aftur á móti framhald ferðar sem sami hópur fór um Manitóba, Norður Dakóta og Minnesota árið 2013.

**3. júlí.** Ferð Laugardalsættar lauk þennan dag. Við Margrét tókum rútu, rétt við hótelið okkar í Vancouver, og ókum með henni til **Seattle í Washingtonríki** í Bandaríkjunum. Þar leigðum við bíl, Ford Fusion Hybrid, og ókum til *Teds og Jill Bradwell* í **Goldendale**, sem er sunnarlega á ríkinu, rétt við dal **Columbia**-árinnar. *María Þorvaldsdóttir* bjó síðustu ár sín í Goldendale.

**4. júlí.** Vorum með Ted og Jill. Þau fóru m.a. með okkur að íshelli sem við klifruðum niður í. Gistum aftur í hjólhýsi þeirra sem stendur á lóð Seventh Heaven við Ownby Road. Við grilluðum á kvöldin fyrir utan húsin þeirra.

**5. júlí.** Ted og Jill fóru með okkur í ökuferð um sveitina sína. Við áðum við **White River**, niðri í **Columbia** dalnum, þar sem við borðuðum nestið okkar, gengum um og syntum í ánni. Þau hjónin segjast iðulega fara þangað á heitum dögum. Litli hundurinn þeirra, sá sem týndist við **Stonehenge Monument** sumarið 2013 er dauður, en annar kominn í staðinn. Sá hafði mikla ánægju af sundinu, enda svartur í sólinni.

**6. júlí.** Þenna dag fórum við frá Ted og Jill, eftir góðan morgunverð, og eftir að þau höfðu farið með okkur að búgarði þarna í sveitinni, en þar var *Jenna Eve* á reiðnámskeiði. Við ókum í gegnum **Oregon** og gistum á Holiday Motel, 24810 Redwood Highway, **Kerby**, syðst í ríkinu (\$80). Í byrjun könnuðumst við vel við staðhætti, enda farið um norðurhluta Oregon sumarið 2013, eins og ég sagði frá í ferðasögu þess sumars. Áðum í litla viltu vestursbænum **Shaniko** (36 íbúar), sem við könnuðumst við. Þar er m.a. safn gamalla bíla. Við stórt og mikið gljúfur horfðum við á teygjustökk fram af brú! Það leit svolítið glannalega út. Gott útsýni er víðast hvar í Oregon yfir eldfjöll og önnur fjöll, sum með snjó á toppnum. Stór hluti Oregon er e.k. Sprengisandur í yfir 1.000 m hæð. Um svæðið liggja víða slóðir landnema frá nítjándu öldinni og er þeim sums staðar haldið við. Þeir landnemar voru á leið niður að Kyrrahafi.

**7. júlí** ókum við til **Crescent í Kaliforníu** og þaðan niður með ströndinni (101). Mest af deginum fór í **Redwood National Park**. Þar vaxa risafurur. Síðan í gegnum ýmsa þjóðgarða, meðfram ströndinni. Mikið af Ameríkönnum alls staðar, m.a. við allar ár, þar sem fólk óð út í vatnið eða setti báta sína á flot. Gistum í **Eureka** við veg 199, þar sem við fundum lítið mótél í útjaðri bæjarins, rétt fyrir myrkur. Við borðuðum, eins og venjulega, kvöldmatinn okkar fyrir utan húsið. Þar klippti Margrét mig. Mótelið var einfalt, en þrifalegt (\$60).

**8. júlí** keyptum við í matinn í Co Op North Coast í Eureka (Grolsch Lager, Odwalla Mango Tango, Kumquat, Fare & Square Turkey San, Artichoke Salad, Indonesian Rice Salad, Tuscan Chicken Salad, Pad Thai og Sudwerk Seasonal. \$52.98). Héldum síðan áfram niður ströndina, ýmist á 101 eða 1. Ókum tvisvar yfir fjöllin (Scenery Roads), frá 101 yfir á 1 og til baka. Borðuðum úti í **Willis**, undir kastaníutrjám, og höfðum þá ekið veg 20 frá ströndinni. Nú ókum við í gegnum vínræktarhéruð (Healdsburg og Napa). Gistum í **Healdsburg** (101) á ágætum stað. Þar þvoðum við af okkur (\$207.64).

**9. júlí.** Áfram fórum við um gróskumikil vínræktarhéruð (Sonoma). Þarna er borgin **Santa Rosa** og þar áðum við til að fara á Starbucks (postulín, WiFi, matur og kaffi). Síðar um sumarið urðu miklir gresjueldar þarna og mörg heimili brunnu. Ókum yfir **Golden Gate** brúna í þoku, svo aðeins turnarnir stóðu uppúr. Lögðum bílnum í miklum hliðarhalla í **Filbert Street** inni í San Francisco. Settumst á tröppur og borðuðum nestið við bílinn. Gengum síðan niður að höfninni við **Fisherman's Wharf**, þar sem mikið var um að vera. Síðan aftur í bílinn og ókum niður **Lombard Street** í frægum beygjum. Vorum nú orðin svöng aftur og fórum á veitingastaðinn Acquolina við **Washington Square**, sem sérhæfir sig í fínum vínunum. Margrét bað um hvítvín með kjúklingapastanu. Afgreiðslustúlkan nefndi nokkur góð vín. Margrét brást við með því að biðja um vín hússins. Eftir það vorum við personas non grata!

**San Francisco Bay** er stór fjörður, svo breiður að það sést illa yfir hann, nema vel heiðskýrt sé. Hægt er að aka hringinn; San Francisco – Oakland – Berkley – alla leið niður í San Jose – Santa Clara – Mountain View – Stanford – og aftur upp til San Francisco. Þetta eru ca. 150 km og tekur heilan dag. Við syðri enda þessa hrings, í kringum Mountain View, Santa Clara og San Jose er **Kísildalurinn**. Þessar borgir blöstu allar við á vinstri hönd þegar við ókum suður þjóðveginn (280 og 85). Það er augljóst að þarna er mikil uppbygging; nýleg verksmiðjuhús og skrifstofubyggingar hvar sem augað eygir. Eins og annars staðar í Ameríku er byggðin dreifð. Við máttum ekki vera að því að stoppa þarna. Það bíður betri tíma! Hægt er að googla hvaða fyrirtæki eru þarna; t.d. Intel, Google, Sun, Apple og Yahoo. (Microsoft er aftur á móti staðsett í **Redmond** við Seattle, rétt hjá þar sem við leigðum bílinn). Ókum til **Salinas**, ekki langt frá ströndinni, og gistum þar. Heldur ómerkilegt mótél sem Indverji rekur (\$80).

**10. júlí** vöknuðum við í Salinas. Þar urðum við í fyrsta sinn að fara í jakka, því hitinn var um 10° C í morgunþokunni. Hótelhaldarinn þakkaði sínum sæla fyrir hóflegan hita, sem „væri e-ð annað en hitasvækjan í dölunum fyrir ofan bæinn“. Hann tjáði okkur að Salinas væri sallad-bær og að hitastigið hentaði salladi einkar vel, enda ókum við framhjá feikn miklum sallad ökrum.

Héldum niður að **Monterey** og **Carmel**. Hiti var ennþá rétt yfir 10 gráðum, þótt við værum komin niður í miðja Kaliforníu. Nú ókum við veg 1 niður að **Big Sur**, þar sem við borðuðum nestið okkar við lítið bókasafn, eins og í einkagarði, enda bókasafnið aðeins opið tvo daga í viku. Þarna voru bara örfá hús, enda undirlendi lítið sem ekkert. Sandbakkarnir (mesa) og fjöllin náðu niður að sjó. Þetta má sjá á myndum frá Big Sur. Feiki falleg strönd. Við ætluðum síðan að koma við í kastala fjölmiðlamannsins Hearst, sem er þarna við ströndina, en vegurinn var lokaður vegna skriðufalla. Við þurftum því að snúa við upp í Salinas og hófst nú mikill akstur á 101. Sem betur fer er Starbucks við veginn með hæfilegu millibili. Þar fæst gott kaffi, þar er hægt að komast á postulín, og þar er góð WiFi tenging. Borðuðum við útborð í fallegu úthverfi (líklega **Grover Beach**) við hafið. Þarna voru stórar villur, minntu svolítið að stóru steinsteyptu einbýlishúsin okkar, nema hvað þessi eru hlaðin. Fólk ók greinilega daglega niður í L.A. frá þessum litlu bæjum (Santa Barbara er nær), en líklega eru flestir íbúarnir komnir á eftirlaun og njóta efri áranna í fallegum hverfum í litlum bæjum við hafið. Fólk er kurteist í þessum bæjum, og þeir sem gengu hjá, oft með hunda í bandi, sögðu „good place you chose, have a nice meal!“

Við misstum af Malibu Beach gatnamótunum og lentum niður í **L.A.** Eftir mikla mæðu komumst við til **Malibu**, síðustu kílómetrana með *Thor* í símanum. Gistum hjá *Thor* í tvær nætur í húsi hans við Escondido Beach Road 27360. Hjá honum var *Kalina Ray Bradwell*, yngri dóttir *Bjarna jr.* Þá býr kærasti Thors þarna. *Diana*, kona *Bjarna sr.*, var í heimsókn hjá syni sínum, en var farin þegar við komum, um hálf-tólf. Við ætluðum að ná fyrir kvöldmat, en það tókst ekki.

**11. júlí** vorum við í L.A. Ókum fyrst allan **Sunset Boulevard** (35 km). Starbucks bjargaði okkur enn einu sinni. Fórum í nokkrar búðir, m.a. apótek á 8000 West Sunset, en ókum síðan Santa Monica Frwy

til baka, niður að **Santa Monica**, sem er fallegur bær, norðarlega við ströndina, en þó sunnan við Malibu. Gengum þar um götur og fengum okkur pizzu-sneiðar að borða. Héldum síðan heim til Thors og fjölskyldu og borðuðum aftur pizzu og drukkum kók. Við Margrét óðum síðan út í **Kyrrahafið**, enda má segja að Thor hafi einkaströnd. Öldurnar ná nánast alveg að svölunum á húsi hans.

*Joe E* og kærasta hans *Maressa*, sem nú eiga litla barnið *Zoe*, búa í Santa Monica. Þau giftu sig daginn eftir að við vorum þarna. Þess vegna var Diana á svæðinu. *Jill*, móðir Joe E flaug einnig suður. Við rétt misstum því af athöfninni, en máttum ekki við því að eyða meiri tíma í L.A., ef við ætluðum að ná til Denver í tíð, en þaðan ætluðum við að fljúga heim. *Ted* sagði okkur að Joe E og kærustu langaði til að koma til Íslands sumarið 2018 og halda brúðkaupsveislu þar.

Okkur tókst ekki að ná sambandi við Snævar Darra og Michelle, en þau búa sunnar í borginni.

**12. júlí** héldum við af stað suður og austur. Vestar var ekki hægt að komast. Við ókum tíuna þar til við fundum veg nr. 15, sem liggur yfir eyðimörkina til **Las Vegas**. Fyrst varð á vegi okkar borgin **Fontana**, síðasta stoppistöð áður en farið er inn í eyðimörkina. Samt stendur hún nánast í eyðimörkinni, ofarlega í **San Bernardino** dalnum. Borgin var stáliðnaðarborg, en er nú e.k. trukka- og vörugeymsluborg, staðsett þar sem margir vegir mætast. Samt furðu nýleg og hrein. Eftir hasarinn á vegi 10, var vel þegið að borða kjúkling á veitingastaðnum Chipotle, og að fá sér kaffi með netsambandi á Starbucks.

Næst er borgin **Barstow**, í miðri **Mojave** eyðimörkinni (660 m hæð). Þarna flýtti fólk sér úr bílunum og inn í búðirnar. Skrýtin borg, þarna mitt í „nowhere“. Þarna er GAP Outlet, rétt við Starbucks, og þar keyptum við föt á barnabörnin. Í Barstow er mikill sólarzellugarður og herstöð. (Frá Barstow má aka veg 58 í norður og lendir maður þá í annarri eyðimerkuborg, Rosamond (770 m hæð), en þar búa foreldrar Michelle hans Darra).

If you ever plan to motor West,  
Travel my way, take the highway that is best.  
Get your kicks on route sixty-six.

It winds from Chicago to LA,  
More than two thousand miles all the way.  
Get your kicks on route sixty-six.

Now you go through Saint Loey,  
Joplin, Missouri,  
And Oklahoma city is mighty pretty.  
You see Amarillo,  
Gallup, New Mexico,  
Flagstaff, Arizona.  
Don't forget Winona,  
Kingman, **Barstow**, San Bernandino.

∴ Won't you get hip to this timely tip,  
When you make that California trip.  
Get your kicks on route sixty-six ∴∴

∴∴ Get your kicks on route sixty-six ∴∴

By Bobby Troup, here as performed by Natalie Cole.

Áður en komið er til Las Vegas þarf að fara yfir fjallaskarð í eyðimörkinni. Mjög stórbrotið landslag, á sinn hátt, bergið og sandurinn í alls konar litum, aðallega gulum og rauðum. Það kom okkur líka á óvart hversu fjölbreyttur himinninn var. Alls konar ský mynduðust við fjöllin og stundum kom skvetta úr þeim að vestanverðu (sjávarmegin).

Við komumst að lokum til **Las Vegas**. Fórum af vegi nr. 15 við mót nr. 40. Þar var hótelið okkar, W, á horni Sahara Ave. og Las Vegas Blvd. (**The Strip**). Þetta var eina hótelið á þessari ferð okkar og lang flottasti gististaður okkar. Thor hafði mælt með hótelinu, sagðist oft gista þar. Við komum okkur fyrir og litum síðan á spilavítin á jarðhæðinni, án þess þó að taka þátt í leiknum. Síðan fórum við út í myrkrið og ókum The Strip fram og aftur þrisvar! Það var æði!

**13. júlí.** Fengum okkur morgunmat á hótelinu, en héldum síðan áfram til **Hoover Dam**. Við ókum í gegnum **Boulder City**, en þar rak *Bjarni Örn* byggingavöruverslun á sínum Las Vegas árum. Það var stórkostlegt að sjá virkjunina og uppistöðulónið (eru reyndar mörg). Bjarni Örn fór með *ömmu Þóru* á báti og uppblásnum hákarli út á lónið á sínum tíma. Til eru myndir sem sanna það! Eftir 9/11 var bílaumferð bönnuð yfir stífluna, en er nú aftur leyfð. Að vísu endar vegurinn hinum megin, svo snúa þarf við. Umferðin fer yfir **Colorado ána** á nýrri brú, hátt yfir gömlu stíflunni.

Við héldum til **Kingman í Arizona** og síðan eftir vegi 40 í austur. Borðuðum nestið okkar í 42 stiga hita í eyðimörkinni, þar sem engum öðrum datt í hug að stoppa. Það var virkilegt þrekvirki, en forvitnilegt.

Stoppuðum í **Seligman** og fengum okkur kaffi hjá Road Runner – On Historic Route 66, stað sem seldi allt sem viðkemur Route 66. Minjagripir minna á gamla tíma, aðallega 4ða og 5ta áratuginn. [www.route66roadrunner.com](http://www.route66roadrunner.com). Við ókum síðan u.þ.b. 25 km eftir gamla veginum (66). Rákumst reyndar oft á hann, bæði fyrr og síðar. Líklega varð þessi vegur (Chicago-L.A.) fyrst frægur eftir að John Steinbeck skrifaði *Grapes of Wrath* 1930 og John Ford gerði að bíómynd árið eftir. Sú saga fjallar um flóttu „Okies“ frá Dust Bowl til Vesturstrandarinnar (L.A.). Þar lék Henry Fonda Tom Joad.

Héldum áfram til **Williams** og gistum þar á Motel 6, við W. Railroad Ave. Stórir Pickupar á flestum bílastæðum.

**14. júlí.** Nú héldum við beint í norður, veg 180 að **Grand Canyon** (South Rim). Þar gengum við í 2-3 klst. eftir göngustígum á brún gljúfursins. Hitinn var næstum óbærilegur. Settumst síðan við borð í skugga trjáa og borðuðum nestið okkar, sem við höfðum keypt í Williams. Í upphafi ferðar keypti Margrét ísbox í **Goldendale**, sem við bættum ísmolum í daglega. Þannig var hægt að geyma mat. Þarna við gljúfrið var mikill fjöldi ferðamanna, aðallega Ameríkana. Allt var þó vel skipulagt, vegir og göngustígar malbikaðir, strætisvagnar óku fólki milli útsýnisstaða, og nóg var af salernum og kaffistöðum.

Við ókum nú í norð-austur, yfir eyðimerkur og indíánasvæði, í gegnum ótal lítil þorp og indíánabyggðir. Þær síðastnefndu óskaplega tötralegar - svo erfitt var á að horfa. Í sumum þorpum unnu indíánar í búðunum og voru þurrir á manninn, horfði ekki í augu okkar og sögðu aldrei neitt að fyrra bragði. Indíánar virðast ekki drekka kaffi, eða ráða ekki við að reka kaffihús, svo erfitt reyndist þessa daga að ná sér í nóg kaffi. Það var þó nauðsynlegt vegna stífrar dagskrár, en við ókum u.þ.b. 500 km á dag, ofnaá allt annað. Keyptum mat í **Tuba City**, þar sem indíánar afgreiddu. Allar matvöruverslanir sem við komum í á ferðalaginu voru í finu lagi, og langtum hreinlegri og fjölbreyttari en þær verslanir sem við eigum að venjast hér heima. Þetta var mjög áberandi strax í upphafi ferðar í Edmonton. Samanburðurinn var nánast óþægilegur. Við gistum í Wetherill Inn í **Kayenta** sem rekið er af Indíánum. Þeir hafa rétt til að leggja hærrí söluskatt á gistingu en aðrir, svo þarna var dýrt að gista. En hús eru ný og allt er þarna hreint og ágætt. Frá gististaðnum séð var kvöldsólin falleg, en gulrautt

rykið frá eyðimörkinni litaði sólsetrið. Og svipmiklir klettur skreyttu umhverfið. Engin gisting í þessum hluta ferðarinnar, nema hótelið í Las Vegas, var pöntuð fyrirfram.

**15. júlí.** Nú er eins gott að gefa í. Flugði heim er á morgun! Við ókum veg 163 og stoppuðum fyrst í **Monument Valley** „where the earth meets the sky“ í **Navajo** eyðimörkinni. Þar eru klettamyndanir sem frægar eru úr bíómyndum. Þekktasta mynd sem tekin var þarna er Stagecoach sem John Ford gerði 1939. Í þeirri mynd leikur John Wayne aðalhlutverk (Henry the Ringo Kid). Við ókum um svæðið á ruðningsvegum, sem líkjast þeim sem Strandamenn eiga að venjast, á okkar Ford Fusion Hybrid, þótt síður væri mælt með því („27 km unpaved dirt road“). Einn þekktasti kletturinn er „Three sisters, a Catholic nun facing her two pupils“. Boðið var uppá hesta- og jeppaferðir um svæðið. Þarna er góð ferðamannamiðstöð. Þar keyptum við minjagrip, m.a. indíánaból handa Magnúsi Inga Pálssyni og litla steina handa Kamillu Dögg og Kötlu Margréti. KAXO fékk einnig bol.

Mig hafði lengi langað til að sjá þennan stað. Eins Route 66, Hoover Dam, Las Vegas (síðan Bjarni bjó þar), Los Angeles (þar sem María bjó), Big Sur (síðan ég las Zen and the Art of Motorcycle Maintenance), kastala Hearst (síðan ég sá Citizen Kane og las Höll minninganna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson) o.s.frv. Þannig varð þetta ferðalag til á löngum tíma.

Monument Valley er að mestu í **Utah**. Stoppuðum í **Blanding** og keyptum mat. Þarna búa indíánar allt um kring og vinna í búðunum. Næst stoppuðum við í **Moab** og keyptum kaffi hjá Susie's Branding Iron. Þar er fólk að reyna að lifa eðlilegu hvítu lífi, en það er svolítið langsótt, enda fátt við að vera. Moab er í 1.227 m hæð, á sléttunni miðri. Þarna eru rauðir og gulir klettur á stangli (Hole in the Rock), líkt og í Monument Valley. Þarna eru einnig þjóðgarðar, hvers söfn rekja sögu mannsins aftur til ársins 550 (t.d. Mesa Verde).

Fljótlega keyrðum við þó inn í **Colorado** á vegi sem margir Íslendingar kannast við, þ.e. vegi nr. 70, sem liggur meðfram Colorado ánni, alveg þar til hún verður að engu í efstu dölum **Rocky Mountains**. Það er yndislegt að aka þessa leið. Hún er alltaf nærri ánni og fer oft yfir hana, aðallega í bæjunum, sem allir eru litlir, en ríkir. Sléttan er að baki, og sá mikli hiti, sem þar er yfir miðjan daginn. Þarna er mikið af litlum og nokkuð fínum hótélum, enda sækjast Ameríkanar eftir því að eyða sumarleyfi sínu í þessum langa dal. Uppaf dalnum er **Aspen**, svo hótélir eru líka í notkun á veturna. Við gáfumst loks upp í **Glenwood Springs** (springs höfðar ætíð til heilsulinda) og gistum þar, enda sagði dagskráin sem ég hafði gert með samþykki Teds; „Almost to Denver this day“.

**16. júlí** var síðasti dagur þessarar ferðar. En við áttum eftir að aka rúmlega 250 km til **Denver**. Leiðin er þó ekki leið! Einhver sú fallegasta sem við höfum ekið. Fallegar litlar borgir (Lyons Head, Vail, Golden, Frisco og Georgetown o.s.frv.), fossar, litfagar brattar hlíðar (eyðimörkin var langt undan, eða „fyrir ofna brúnirnar“), beljandi fljótið, járnbraut sem hlykkjast um dalinn o.s.frv. Við „áttum“ að skoða Hanging Lake, en okkur var tjáð á staðnum að við hefðum þurft að mæta kl. 7 um morguninn, því nú væri allt fullt! Það bíður næstu ferðar.

Til að komast út á slétturnar, þar sem Denver stendur, þarf að fara yfir tvö fjallaskörð, bæði í yfir 3.000 m hæð. Snjóskafar eru þar í giljum. Á leið niður brekkurnar, sem eru mjöðög langar, rákumst við iðulega á skilti sem vörðuð ökumenn flutningabíla við. „Gear down, do not overheat breaks“ Og stuttu síðar; „Nope, the hills are not over yet!“ Síðan voru víða staðir sem hægt var að aka flutningabílum inná (ramp) ef bremsurnar sviku. Þar var mjúkt undirlag sem dró úr hraða ökutækisins.

Okkur tókst að skila bílnum klukkan þrjú! Síðan flugum við heim tveimur tímum síðar.

Már Viðar Mátsson skráði haustið 2017.